

**Nd.**

**403. Breytingartillögur**

[179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:  
Við A-lið 30. gr. laganna bætist nýr liður sem verði 4. liður og orðist svo:  
Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein sem orðist svo:  
1. tölul. 67. gr. laganna orðist svo:  
Af tekjuskattstofni reiknast 26,75% á mánaðartekjur upp að 62 þús. kr. en 38% á það sem er umfram 62 þús. kr.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðist svo:  
Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 188 þús. kr.
4. Við 8. gr.
  - a. 2. mgr. C-liðar orðist svo:  
Húsnæðisbætur skulu vera 50 000 kr. á ári fyrir einstakling sem kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði skv. 1. mgr.
  - b. Við C-lið bætist ný málsgrein sem verði 10. mgr. og orðist svo:  
Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
5. Við 13. gr.
  - a. Í 1. mgr. I falli brott orðin „í allt að sex ár talið frá og með álagningarárinu 1988“.
  - b. 4. mgr. I falli brott.
  - c. Við IV bætist ný málsgrein er orðist svo:  
Heimilt er ríkisskattstjóra jafnframt að lækka tekjuskattstofn eftirtalinna manna samkvæmt nánari skilyrðum og reglum er settar verða:
    1. Námsmanna á fyrsta starfsári að loknu langskólanámi.
    2. Manna sem eru að ljúka störfum fyrir aldurs sakir eða verða fyrirsjáanlega að hætta störfum vegna varanlegrar örorku.